

Útdráttur úr stefnu Íslandsbanka hf. um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum

Íslandsbanki hf. (hér eftir nefndur „Íslandsbanki“) er fjármálafyrirtæki með heimild til verðbréfiðskipta, sem veitir fjölbreytta fjármálaþjónustu. Bankinn ber ábyrgð á því að stjórn hans og starfsmenn hagi starfi sínu í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur og að gerðar séu allar tiltækar ráðstafanir til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi bankans.

Íslandsbanki hefur sett sér Stefnu um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum og er markmið stefnunnar að sýna fram á að bankinn, stjórn og starfsmenn fari að lögum og reglum sem gilda um starfsemi hans og geri allar tiltækar ráðstafanir til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra til að tryggja trúverðugleika í viðskiptum bankans og viðskiptavina.

Gerð er grein fyrir þeim ráðstöfunum sem gripið er til í því skyni að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og hvernig tekið skuli á því komi þeir upp.

Til þess að ná markmiði stefnu þessarar leitast bankinn við að:

- greina og tiltaka þær aðstæður sem valda eða geta valdið hagsmunaárekstrum sem hafa í för með sér verulega hættu á að hagsmunir viðskiptavina skaðist
- skrá verkferla og tilgreina verklag sem bankanum ber að fylgja og gera ráðstafanir í því skyni að hafa stjórn á slíkum hagsmunaárekstrum
- viðhaldavirkum kerfum til þess að koma í veg fyrir að viðskiptavinir verði fyrir skaða vegna hagsmunaárekstra sem greindir hafa verið

Hagsmunaárekstrar geta skapast þegar bankinn veitir viðskiptavininum sínum fjárfestingaþjónustu sem getur haft í för með sér ávinning fyrir bankann eða aðra viðskiptavini hans og leiðir til þess, eða getur leitt til þess, að veruleg hætta skapist á að hagsmunir eins eða fleiri viðskiptavina skaðist. Ekki er alltaf um hagsmunaárekstra að ræða þótt bankinn njóti ávinnings ef viðskiptavinir hans verða ekki fyrir skaða.

Þeir sem stefnan nær til skulu kappkosta að greina og koma í veg fyrir að aðstæður skapist sem valdið geta hagsmunaárekstrum.

Þegar til staðar eru aðstæður sem geta mögulega haft í för með sér hagsmunaárekstra milli bankans og viðskiptavinar ber bankanum að láta hagsmuni viðskiptavinarins ganga fyrir eigin hagsmunum.

Bankinn gerir ýmsar ráðstafanir í því skyni að greina og hafa stjórn á þeim hagsmunaárekstrum sem kunna að vera til staðar innan bankans. Slíkar ráðstafanir geta verið mismunandi eftir því um hvaða viðskiptasvið og tegund þjónustu er að ræða. Bankinn notar meðal annars svokallaða Kínamúra til að koma í veg fyrir að innherjaupplýsingar eða trúnaðarupplýsingar berist á milli einstakra eininga og til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi bankans.

Þar sem ráðstafanir bankans veita ekki fullnægjandi vissu fyrir því að hagsmuna viðskiptavina bankans sé nægjanlega gætt skal upplýsa viðkomandi viðskiptavini um eðli og ástæður hagsmunaárekstranna áður en til viðskiptasambands er stofnað milli bankans og viðskiptavinarins ef unnt er, að öðrum kosti áður en viðeigandi viðskipti eiga sér stað.

Unnt er að óska eftir nánari upplýsingum um stefnu bankans um hagsmunaárekstra með því að senda beiðni á netfangið: regluvarsla@islandsbanki.is.